

## Fundargerð

### Aðalfundur foreldraráðs Menntaskólans við Hamrahlíð haustið 2016

Fundurinn var haldinn í stofu 11 í MH þriðjudaginn 4. október kl 20.

Helga Viðarsdóttir formaður foreldraráðs MH setti fundinn. Á fundinn mættu Halla Sigrún Arnardóttir meðsjórnandi foreldraráðs MH, Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi, Andrea Ásbjörnsdóttir skólahjúkrunarfræðingur og Bóas Valdórsson sálfræðingur ásamt fjölda foreldra- og forráðamanna nemenda við MH.

### Skýrsla stjórnar

Helga Viðarsdóttir kynnti skýrslu stjórnar.

Aðalfundur foreldraráðs var haldin 8. október í fyrra. Á dagskrá fundarins var kynnt skýrsla stjórnar og kosið var um nýja stjórn. Margrét Sigmarsdóttir doktor í sálfræði var með fræðsluerindi á fundinum. Margrét hefur um árabil rannsakað foreldrafærni og fjallaði erindið hennar um aðlögunarvanda ungmenna.

Foreldraráðið hittist svo nokkrum sinnum yfir veturinn. Það kom ekkert upp á í vetur og fékk foreldraráðið engin erindi frá foreldrum. Það var ekkert verkfall eða annað sem hafði áhrif á starfsemi skólans.

Stjórnin var skipuð þeim Helgu Viðarsdóttur sem er formaður stjórnar, Höllu Sigrúnu Arnardóttur sem einnig er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd, Natalíu Chow, Sólrúnu Ólínu Sigurðurdóttur, Hauki Hólmi og Ólafi Erni Karlssyni.

Á heimasíðu MH má finna upplýsingar um hverjir skipa foreldraráð skólans ásamt upplýsingum um markmið og starfsreglur foreldraráðsins.

Um veturinn hafði foreldraráð kvennaskólans samband við foreldraráð MH og ákveðið var að halda sameiginlegan fund til þess að miðla reynslu þessara tveggja félaga sín á milli. Úr varð að skólarnir tveir héldu sameiginlegt erindi fyrir foreldra 6. apríl hér í MH og fengu hana Önnu K. Steinsen sem er tómstunda- og félagsmálafræðingur, heilsumarkþjálfari og jógakennari til þess að fjalla um allt það áreiti sem dynur á unglíngunum okkar og veldur þeim kvíða og streitu og hvað við getum gert til að hjálpa þeim þegar aðstæður eru orðnar erfiðar. Þessi fundur var mjög vel sóttur af foreldrum enda mjög áhugavert og aðkallandi efni.

Ákveðið var í kjölfarið að halda erindi með Kvennaskólanum í vetur og og verður sá fundur auglýstur vel en haldinn að þessu sinni í sal Kvennaskólans. Helga hvatti foreldra til þess að mæta á fundinn.

Spurningar og ábendingar sem komu í kjölfar fundarins og var beint til foreldraráðs eru eftirfarandi:

- Ýta á kennara að vera skilvirkari í Innu. Merkja við þegar verkefnum hefur verið skilað.
- Kanna hjá skólastjórnendum hvaða kennslufræðileg rök eru fyrir því langur tími er hafður lok skóladags 14:15-16:15
- Leggja áherlsu á pásur í löngum tímum til þess að nemendur haldi einbeitingu betur.
- Kanna hvort hægt sé að setja upp fleiri skápa fyrir nemendur
- Setja upp facebook hóp fyrir foreldra og forráðamenn nemenda við MH.

Þessi atriði verða skoðuð á fyrsta foreldraráðsfundi.

### **Foreldraráð MH vill hvetja foreldra til þess að:**

- leyfa ekki eftirlitslaus party
- kaupa ekki áfengi fyrir nemendur
- sækja nemendur eftir skólaböll

### **Tilgangur og markmið foreldraráðs MH og kosning stjórnar**

Helga sagði frá því að sendur verður út innan skamms tölvupóstur þar sem óskað verður eftir tveimur nýjum stjórnarmönnum í foreldraráð skólans.

Mikilvægt er að foreldraráðið móti tilgang og markmið ráðsins en hér má lesa núverandi

#### **Tilgangur ráðsins og markmið eru:**

Tilgangur ráðsins er að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta jafnt almenn skilyrði og aðstæður einstakra nemenda til menntunar og almenns þroska. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars:

- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- Að stuðla að góðu samstarfi foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega, bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

### **Stoðþjónusta MH kynnt**

Þau Bóas, Andrea og Fríður fóru yfir stoðþjónustu skólans og var því mjög vel tekið á fundinum.

Margar spurningar komu um val fyrir næstu önn sem nemendur eiga að skila í næstu viku, sálfræðiþjónustu skólans sem er ný af nálinni og hefur verið tekið mjög vel og skólahjúkrun sem samkvæmt lögum á að vera til innan skóla fram að 18 ára aldri allra barna.

Hægt er að hafa samband við þau Fríði, Andreu og Bóas og leita aðstoðar með atriði sem tengjast þeirra þjónustu bæði með því að panta tíma í gegnum síma skólans; 5955200 og með því að senda þeim tölvupóst; fridur@mh.is, andrea@mh.is og boas@mh.is